



Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Sími: 433 8500
Fax : 433 8501
Kt. 630606-1950

21.12.2015

1509043 ÓM

Auglýsingaskilti við Hvalfjarðargöng

Hvalfjarðarsveit hefur borist meðfylgjandi erindi frá Knattspyrnufélagi Akraness 1A dags. 22. september 2015 þar sem óskað er eftir upplýsingum frá Hvalfjarðarsveit um takmarkanir eða skyldur sem hvíla á notenda auglýsingarskiltis á hverjum tíma.

Í 72. gr. Náttúruverndarlaga nr. 109/ 2015 segir:

„72. gr. Auglýsingar utan þéttbýlis.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram. Við hönnun slíkra auglýsinga skal þess gætt að þær falli sem best að svipmóti lands.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni greinarinnar og úrskurðar um vafaatriði.

Uppsetning auglýsinga meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis sem uppfylla ekki skilyrði 2. málsl. 1. mgr. eða reglugerðar skv. 2. mgr. varðar refsingu, sbr. 90. gr.“

Í ljósi þessa ákvæðis Náttúruverndarlaga óskar undirritaður eftir umsögn Umhverfisstofnunar um erindi Knattspyrnufélags Akraness frá 22. september sl. Sérstaklega skal tekið fram að umrætt auglýsingaskilti er nú þegar uppsett og hefur verið í notkun um árabíl af fyrirtækinu Krónunni og nýr notandi skiltisins (Knattspyrnufélag 1A) hyggst nota sama skiltið áfram, ekki er um að ræða nýtt skilti.

Virðingarfyllst,

Ólafur Melsted,
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is

Afrit sent: Knattspyrnufélagi Akraness.

Hjálögð gögn: Erindi Knattspyrnufélags Akraness dags. 22. sept. 2015.

